

Miðvikudaginn 4. júní 1969.

Nr. 119/1968. **Kristján Ómar Kristjánsson**

(Ingi R. Helgason hrl.)

gegn

Páli Aðalsteinssyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og hið áfrýjaða fjárnám verði fellt úr gildi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa aðiljar gefið skýrslur fyrir dómi, og nokkur önnur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með samningi 11. febrúar 1963 sömdu aðiljar um kaup á sandi til múrhúðunar. Var magn áætlað 7.000 tonn og verð ákveðið kr. 15.00 fyrir hverja tunnu. Í samningi þessum var einnig greint um greiðsluskilmála. Stefndi hefur fyrir dómi viðurkennt, að áfrýjandi hafi greitt honum kr. 10.000.00 upp í viðskipti samkvæmt samningi þessum og auk þess greitt honum eftir samningsgerðina kr. 17.500.00, sem hann hafi á þeim tíma, sem greiðslur fóru fram, „í og með talið að . . . væru uppi eldri reikninga“. Hér fyrir dómi hefur stefndi talið, að samningi þessum hafi hann rift vegna vanefnda áfrýjanda.

Stefndi gat ekki samnings þessa og greiðslna í héraðsstefnu né í málflutningi sínum í héraði. Málið er því svo vanreifað,

að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjanda, sem ekki sótti þing í héraði, ber að dæma til að greiða stefnda málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Kristján Ómar Kristjánsson, greiði stefnda, Páli Aðalsteinssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1967.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 18. maí s.l., en endurupptekið og dómtekið að nýju þann 2. júní s.l., hefur Páll Aðalsteinsson, Frumskógum 4, Hveragerði, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. maí s.l., gegn Kristjáni Ómari Kristjánssyni, Kleppsvegi 42, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.600.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til 12. júní 1965, en með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að á árinu 1963 hafi samizt svo um milli stefnanda og stefnda, að stefnandi léti stefnda í té sand til pússningar á íbúðum í húsinu nr. 5—7 við Meistaravelli hér í borg. Hafi stefnandi staðið við sinn hluta samkomulagsins og keyrt sand til stefnda fyrir sem svarar stefnufjárhæðinni. Segir stefnandi, að viðskiptin hafi átt sér stað á tímabilinu júní til september 1963 og hafi þau ekki fengizt upp gerð þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnanda til að fá greiðslu.

Stefnandi vísar í framlagða reikninga í málinu, þar sem viðskiptin eru sundurliðuð á fylginótum. Í greinargerð tekur stefnandi sérstaklega fram varðandi reikninga á dómsskjölum nr. 3 og 4, að yfirskrift þeirra: „Mjólnir, Árnessýslu“, byggist á því, að stefnandi sé félagi í Vörubílstjórafélaginu MJÖLNI, Árnessýslu, og skrifi þar af leiðandi á eyðublöð þess félags. Þá bendir stefnandi á, að áfastar við reikning á dómsskjali nr. 3 séu 9 nótur og

áfastar við reikning á dómsskjali nr. 4 fjórar nótur, en móttöku-kvittanir séu á öllum nótunum.

Þann 2. júní var mál þetta endurupptekið, og skilaði þá stefnandi sókn í málinu til þess að skýra nánar einstakar nótur, sem fram eru lagðar í málinu, og þá sérstaklega varðandi bifreiðar þær, sem skráðar eru á nóturnar. Í sókn stefnanda segir m. a.:

„... Að gefnu tilefni vil ég taka eftirfarandi fram varðandi dóm skjöl nr. 3 og 4, lögð fram á bæjarþingi Reykjavíkur 18. maí 1967 í máli þessu.

1. Bifreiðarnar X-1532 og X-1417 átti stefnandi sjálfur á greindum tíma. Með þeim bifreiðum var ekið sandi þeim, sem greint er frá á fskj. nr. 5 á dskj. nr. 3, og eru nöfn þau, sem á þá nótu eru rituð, móttökukvittanir þeirra aðila, sem tóku við sandinum fyrir hönd stefnda.
2. Bifreiðina X-454 á Svavar Marteinsson, Hveragerði, en bifreiðina X-754 á Skúli Marteinsson, Hveragerði. Ástæðan til þess, að þessir aðilar óku sandi á vegum umbjóðanda míns, er sú, að umbj. minn hefði ella ekki getað staðið við afhendingarskyldu sína samkvæmt pöntunum frá stefnda. Bræðurnir Skúli og Svavar Marteinssynir óku sandi þeim, sem getur á nótum nr. 20, 27, 26, 28, 36, 38, 30, 31 á dskj. 3 og nótum nr. 17, 19, 40 á dskj. 4. Akstur skv. reikningi dags. 30. 9. 1963 á dskj. nr. 4 mun stefnandi sjálfur hafa séð um.
3. Varðandi ástæðuna til þess, að nafnið Pétur Árnason er á nótum nr. 20, 27, 26, 28, 36, 38, 30, 31 á dskj. nr. 3 og nr. 19 á dskj. nr. 4, er greind á dskj. nr. 6, en af því er ljóst, að Pétur Árnason, múrrameistari, mun hafa annazt múrverk á húsi stefnda, Meistaravöllum nr. 5—7, og skráðu bræðurnir Svavar og Skúli nafn Péturs á nóturnar af vanþekkingu sinni á málavöxtum. Varðandi aðrar nafnritanir á nótur þessar er rétt að geta þess, að þar mun vera um að ræða móttökukvittanir ýmissa starfsmanna stefnda ...“.

Á dskj. nr. 6 er svohljóðandi yfirlýsing, dagsett í Hveragerði 30. maí 1967:

„Við undirritaðir vörubifreiðarstjórar í Hveragerði ókum sandi að Meistaravöllum 5—7 í Reykjavík að beiðni Páls Aðalsteinsonar í Hveragerði. Þetta var á miðju árinu 1963. Af ókunnugleik spurðum við að múrrameistara til að nafnsetja nóturnar, sem ekki var rétt að öðru en því, sem Páll tjáði okkur, að Kristján

Ómar Kristjánsson væri greiðandi sandsins, en Pétur Árnason mun hafa verið meistari við múrverk hússins.

X-754

X-454

Skúli Marteinsson, Hveragerði Svavar Marteinsson, Hveragerði“.

Á nótu nr. 5, sem er fyrsta fylgiskjal með dskj. nr. 3, sést, að fyrsta úttekt á sandi hefur átt sér stað 10. júní 1963, en hinar allar síðar næstu mánuði.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.000.00.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðningin hefur dregið vegna gífurlegra anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Ómar Kristjánsson, greiði stefnanda, Páli Aðalsteinssyni, kr. 30.600.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til 12. júní 1965, en með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
